

ENDURSKOÐENDARÁÐ

Skýrsla um niðurstöður gæðaeftirlits 2016

Reykjavík 4. maí 2017

Skýrsla um niðurstöður gæðaeftirlits 2016

Almennt um gæðaeftirlit með störfum endurskoðenda.

Endurskoðendaráð starfar samkvæmt lögum nr. 79/2008 um endurskoðendur og er hlutverk þess að hafa eftirlit með því að endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki ræki störf sín í samræmi við ákvæði laganna, siðareglur Félags löggiltra endurskoðenda og aðrar reglur sem taka til starfa endurskoðenda.

Gæðaeftirlit er mikilvægur hluti þess eftirlits sem endurskoðendaráði er ætlað að sinna sbr. VII. kafla laganna. Ráðið setur reglur um framkvæmd gæðaeftirlitsins og hefur eftirlit með því en framkvæmd þess er í höndum Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) samkvæmt 13. gr. laganna.

Almennt skulu endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki sæta gæðaeftirliti eigi sjaldnar en á sex ára fresti eins og segir í 1. mgr. 22. gr. laganna. Þó skulu endurskoðendur eða endurskoðunarfyrtæki sem annast endurskoðun eininga tengdum almannahagsmunum (ETA) sæta gæðaeftirliti eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

Af hálfu FLE hefur gæðanefnd félagsins umsjón með gæðaeftirlitinu. Gæðaeftirlitið annast sérstakir gæðaeftirlitsmenn sem endurskoðendaráð hefur samþykkt og skila þeir skýrslum að loknu gæðaeftirliti til gæðanefndar. Nefndin fer yfir hverja skýrslu og skilar þeim að lokum til endurskoðendaráðs ásamt greinargerð um eftirlitið. Endurskoðendaráð leggur eigið mat á niðurstöðu hvernar skýrslu og bregst við í samræmi við það. Samkvæmt 5. mgr. 22. gr. laganna skal endurskoðendaráð árlega birta upplýsingar um heildarniðurstöðu gæðaeftirlitsins.

Undirbúningur gæðaeftirlits

Líkt og fram kemur í 22. gr. laga um endurskoðendur beinist gæðaeftirlitið að endurskoðendum og endurskoðunarfyrtækjum og er markmið þess að stuðla að því að við framkvæmd endurskoðunar sé fylgt góðri endurskoðunarvenju eins og hún er skilgreind í bráðabirgðaákvæði II. í lögunum.

Undirbúningur gæðaeftirlits 2016 hófst í byrjun árs 2016. Um var að ræða sjöunda árið sem gæðaeftirlit fór fram frá því að lög um endurskoðendur tóku gildi. Þar sem þess er krafist í lögum um endurskoðendur að endurskoðendur sæti gæðaeftirliti á minnst sex ára fresti voru allir þeir endurskoðendur, sem ekki höfðu sætt gæðaeftirliti frá gildistöku laganna, boðaðir í gæðaeftirlitið 2015. Við boðun í gæðaeftirlit 2016 var hins vegar um að ræða tilviljanakennt úrtak. Þó var ákveðið að þeir endurskoðendur sem sættu gæðaeftirliti 2014 eða 2015 yrðu ekki með í úrtakinu. Alls voru 82 endurskoðendur boðaðir í gæðaeftirlit 2016, en auk þess voru sjö endurskoðendur boðaðir í endurtekið eftirlit á grundvelli fyrri niðurstaða ráðsins.

Í bréfi endurskoðendaráðs til viðkomandi endurskoðenda var í fyrsta lagi óskað eftir upplýsingum um hvaða endurskoðunarverkefni viðkomandi áritaði vegna reikningsársins 2015. Var sérstaklega óskað eftir upplýsingum um það hvort að viðkomandi áritaði

endurskoðunarverkefni fyrir einingar tengdum almannahagsmunum. Í öðru lagi var óskað eftir upplýsingum um hvort viðkomandi endurskoðandi myndi árita einhver endurskoðunarverkefni með öðrum endurskoðanda og ef svo væri var óskað eftir upplýsingum um nafn þess endurskoðanda og hvaða verkefni áætlanir stæðu til um að þeir árituðu í sameiningu. Ef endurskoðandi sem lenti úrtaki áritaði endurskoðunarverkefni með öðrum endurskoðanda leitaðist ráðið eftir því að framkvæma jafnframt gæðaeftirlit hjá þeim endurskoðanda. Var viðkomandi endurskoðanda þá í framhaldinu sent boðunarbréf og gefið tækifæri á að gera athugasemdir við framkvæmdina. Engar athugasemdir bárust ráðinu vegna þessa. Nokkur fjöldi endurskoðenda, sem boðaðir voru í gæðaeftirlit, gerðu ekki ráð fyrir að árita endurskoðunarverkefni og því varð niðurstaðan sú að 34 endurskoðanda var gert að sæta gæðaeftirliti árið 2016 vegna reikningsársins 2015. Fallið var frá gæðaeftirliti hjá tveimur endurskoðendum vegna sérstakra aðstæðna og fór því svo að 32 endurskoðendur sættu að lokum gæðaeftirliti 2016.

Framkvæmd gæðaeftirlits

Þann 4. júlí 2016 sendi endurskoðendaráð bréf til FLE þar sem óskað var eftir því að FLE framkvæmdi gæðaeftirlit hjá tilgreindum endurskoðendum og endurskoðunarfyrtækjum. Þau verkefni sem skoða átti hjá hverjum og einum endurskoðanda voru jafnframt tilgreind.

FLE sendi í kjölfarið bréf til endurskoðendaráðs með lista yfir þá endurskoðendur sem lýst höfðu áhuga á að framkvæma gæðaeftirlitið. Endurskoðendaráð fór yfir umsóknirnar sem bárust frá félaginu og var það niðurstaða ráðsins að allir umsækjendur uppfylltu þær kröfur sem gerðar eru til gæðaeftirlitsmanna samkvæmt reglum nr. 712/2015. Ráðið taldi hins vegar að í ljósi fjölda þeirra sem sæta ættu gæðaeftirliti 2016 væri ekki þörf á starfskröftum allra þeirra sem sóttust eftir því að starfa við eftirlitið. Endurskoðendaráð lagði það því í hendur FLE að velja 15-18 endurskoðendur til þess að framkvæma eftirlitið, en lagði áherslu á að æskilegt væri að tekið yrði mið af því að gæðaeftirlitsmenn hefðu viðtæka reynslu af endurskoðunarstörfum, líkt og vikið er að í 2. mgr. 4. gr. reglna nr. 712/2015.

Á haustmánuðum 2016 hélt gæðanefnd Félags löggiltra endurskoðenda í samstarfi við endurskoðendaráð námskeið fyrir gæðaeftirlitsmenn vegna gæðaeftirlits 2016.

Líkt og áður skiptist gæðaeftirlitið í þrjá megin hluta og var markmið eftirlitsins að ganga úr skugga um að endurskoðendur hlíti ákvæðum laga nr. 79/2008 um endurskoðendur. Fyrsti hlutinn sneri að því að kanna hvort endurskoðendur uppfylli skilyrði II. kafla laganna um réttindi endurskoðenda. Í öðrum hlutanum var tekið til skoðunar hvort formlegt gæðakerfi væri til staðar í endurskoðunarfyrtæki, sbr. 4. mgr. 3. gr. laganna. Þriðji hluti gæðaeftirlitsins beindist síðan að því að kanna hvort endurskoðendur færu að bráðabirgðaákvæði II um góða endurskoðunarvenju við framkvæmd endurskoðunar samkvæmt 9. gr. laganna.

Gæðaeftirlitinu var beint að einstökum endurskoðendum, hvort sem þeir störfuðu einir eða í samstarfi með öðrum. Af þeim endurskoðendum sem árituðu ársreikning vegna reikningsársins

2015 voru sjö endurskoðendur með ETA verkefni og sjö endurskoðendur sættu endurteknu eftirliti.

Gæðaeftirlitið hófst í október 2016 og lauk framkvæmd þess af hálfu Félags löggiltra endurskoðenda að mestu með skýrslu gæðanefndar félagsins til endurskoðendaráðs í desember 2016. Í skýrslunni kom fram umsögn nefndarinnar um framkvæmd og niðurstöður gæðaeftirlits. Gæðanefnd starfaði samkvæmt reglum endurskoðendaráðs um framkvæmd gæðaeftirlits og eigin verklagsreglum sem gæðanefndin hefur sett um framkvæmd eftirlitsins. Nefndin fjallaði um skýrslur gæðaeftirlitsmanna eftir því sem þær bárust og setti fram ábendingar eða athugasemdir ef hún taldi ástæðu til. Starfsmaður endurskoðendaráðs sótti gæðaeftirlitsskýrslurnar á skrifstofu FLE, en skýrslur gæðaeftirlitsmanna ásamt umsögn eða athugasemdum, sem fram höfðu komið við gæðaeftirlitið, voru afhentar ráðinu með nafnleynd.

Við gæðaeftirlitið var stuðst við gátlista sem fylgja reglum nr. 712/2015, um framkvæmd gæðaeftirlits með störfum endurskoðenda. Gátlistarnir skiptast í fjóra meginkafla, sem eru eftirfarandi:

- Gátlisti 1: Almennar upplýsingar
- Gátlisti 2: Innra gæðaeftirlitskerfi
- Gátlisti 3: Gæðaeftirlit vegna endurskoðunarverkefna
- Gátlisti 4: Einingar tengdar almannahagsmunum

Í gátlistunum er vísað til ákvæða í lögum um endurskoðendur, ákvæða í alþjóðlegum endurskoðunarstaðli um gæðakerfi (ISQC 1) og ákvæða í almennum endurskoðunarstöðlum (ISA), er talið hefur verið að felí í sér góða endurskoðunarvenju. Við gæðaeftirlitið var tekið tillit til stærðar og umfangs endurskoðunarverkefna og við það miðað að skráning og öflun endurskoðunargagna væri í samræmi við tilmæli ISA staðlanna og nægilegur rökstuðningur væri fyrir því áliti endurskoðandans sem fram kemur í áritun hans á endurskoðaðan ársreikning. Jafnframt hefur gæðaeftirlitið þann tilgang að miðla gagnlegum ábendingum til þeirra sem sæta gæðaeftirliti. Eðli máls samkvæmt gildir það verklag við gæðaeftirlit að byggja verður á skráningu endurskoðunar í því verkefni sem er til skoðunar hverju sinni. Skráning, öflun og varðveisla endurskoðunargagna hefur alltaf verið mikilvægur þáttur endurskoðunar bæði fyrir og eftir gildistöku nógildandi laga um endurskoðendur.

Ef tveir eða fleiri hjá sama endurskoðunarfyrtæki sættu eftirliti var framkvæmd eftirlitsins með þeim hætti að gæðaeftirlitsmaður framkvæmdi eftirlit samkvæmt gátlista 1 og 2 hjá viðkomandi endurskoðunarfyrtæki og eftirlit samkvæmt gátlista 3 og 4 var framkvæmt hjá þeim endurskoðendum sem sættu eftirliti samkvæmt úrtaki endurskoðendaráðs.

Niðurstaða gæðaeftirlitsins

Endurskoðendaráð fór yfir skýrslur gæðaeftirlitsmanna jafn óðum og þær bárust frá Félagi löggiltra endurskoðenda og tók afstöðu til frekari meðferðar, sem felst helst í einhverju af eftirfarandi:

- Ef ekki hafa komið í ljós annmarkar er málinu lokið án frekari afskipta. Endurskoðendaráð getur þó óskað eftir frekari upplýsingum og gögnum ef þurfa þykir til að komast að niðurstöðu.
- Ef óverulegir annmarkar hafa komið í ljós skal veita endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem í hlut á hæfilegan frest til að bæta úr þeim sbr. 1. mgr. 17. gr. laga um endurskoðendur. Endurskoðendaráð metur í hverju tilviki fyrir sig hvort þörf sé á endurteknu eftirliti eða hvort málinu er lokið með tilmælum um breytta starfshætti í framtíðinni.
- Telji endurskoðendaráð sýnt að endurskoðandi hafi í störfum sínum brotið gegn lögum um endurskoðendur svo að ekki verði við unað skal endurskoðendaráð í rökstuddu álit veita viðkomandi aðila áminningu eða leggja til við ráðherra að réttindi endurskoðandans verði felld niður, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga um endurskoðendur. Áður en endurskoðendaráð tekur ákvörðun er endurskoðendum veittur andmælaréttur samkvæmt 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Niðurstöður gæðaeftirlits 2016:

<i>Endurskoðendur án ETA verkefna</i>	25	
Engar athugasemdir eða ábendingar	0	
Einungis ábendingar	8	Allir með færri en 4 ábendingar
Athugasemdir og ábendingar	13	Allir með færri en 5 athugasemdir
Fimm eða fleiri athugasemdir	3	
Áminning og endurtekið eftirlit	1	
Ólokið	0	
<i>Endurskoðendur með ETA verkefni</i>	7	
Engar athugasemdir eða ábendingar	0	
Einungis ábendingar	2	Báðir með 2 ábendingar
Athugasemdir og ábendingar	5	Allir með færri en 4 athugasemdir

Fimm eða fleiri athugasemdir	0
Samtals alls	32

Niðurstöður gæðaeftirlits 2016 eftir gátlistum:

- Gátlisti 1 – almennar upplýsingar
 - Engar athugasemdir/ábendingar.
- Gátlisti 2 – innra gæðaeftirlitskerfi
 - Athugasemdir/ábendingar hjá 6 aðilum.
- Gátlisti 3 – framkvæmd endurskoðunar
 - Athugasemdir/ábendingar hjá 32 aðilum.
- Gátlisti 4 – einingar tengdar almannahagsmunum
 - Athugasemdir/ábendingar hjá 1 aðila.

Samanburður á niðurstöðum gæðaeftirlits við gæðaeftirlit fyrri ára

Niðurstöður gæðaeftirlits 2016 eru að nokkru leyti frábrugðnar niðurstöðum eftirlitsins 2015 og 2014 að því leyti að allir þeir endurskoðendur sem sættu eftirliti fengu annaðhvort ábendingar eða athugasemdir vegna niðurstöðu gæðaeftirlitsins. Í gæðaeftirliti 2015 voru hins vegar hvorki gerðar athugasemdir né ábendingar hjá 14% þeirra endurskoðenda sem sættu gæðaeftirliti og í gæðaeftirliti 2014 var hlutfallið 22%. Eingöngu voru gerðar ábendingar hjá 31% þeirra endurskoðenda sem sættu gæðaeftirliti 2016, samanborið við 25% árið 2015 og 45% árið 2014.

Þá voru 53% þeirra sem sættu eftirliti 2016 með frá einni til fjögurra athugasemda. Árið 2015 voru hins vegar 39% þeirra sem sættu eftirliti með frá einni til fjögurra athugasemda og 2014 voru 16% þeirra sem sættu eftirliti með frá einni til fimm athugasemda.

Af þeim sem sættu gæðaeftirliti 2016 voru 12% með fimm eða fleiri athugasemdir. Athugasemdirnar voru þó ekki þess eðlis eða fjöldi þeirra það mikill að viðkomandi endurskoðendum væri gert að sæta endurteknu gæðaeftirliti. Í gæðaeftirliti 2015 voru einnig 12% þeirra sem sættu eftirliti með fimm eða fleiri athugasemdir, en var þá eftir atvikum gert að sæta endurteknu eftirliti. Árið 2014 voru 11% þeirra sem sættu eftirliti með fimm eða fleiri athugasemdir.

Loks veitti endurskoðendaráð einum endurskoðanda áminningu vegna fjölda alvarlegra athugasemda sem fram komu við gæðaeftirlit 2016. Verður viðkomandi endurskoðanda jafnframt gert að sæta endurteknu gæðaeftirliti. Endurskoðendaráð veitti einnig einum

endurskoðanda áminningu vegna alvarlegrar athugasemdar sem fram kom við gæðaeftirlit 2015. Enginn endurskoðandi fékk áminningu vegna niðurstöðu í gæðaeftirliti 2014.

Þá athugast að framkvæmd gæðaeftirlits hjá einum endurskoðanda er enn ólokið.

Þegar niðurstöður gæðaeftirlits 2016 eru bornar saman við niðurstöður eftirlitsins 2015 og 2014 vekur athygli að enginn endurskoðandi var án ábendinga eða athugasemda í gæðaeftirliti 2016. Skýringar má væntanlega að einhverju leyti rekja til þeirra breytinga sem gerðar voru á gátlistum með gildistöku reglna nr. 712/2015 um framkvæmd gæðaeftirlits með störfum endurskoðenda. Hins vegar voru þeir gátlistar einnig notaðir við framkvæmd gæðaeftirlits 2015 og sú skýring því ekki einhlít.


Aftur á móti var minna um alvarlegar athugasemdir í gæðaeftirliti 2016 heldur en í eftirlitinu 2015. Þannig var til að mynda aðeins einum endurskoðanda í gæðaeftirliti 2016 gert að sæta endurteknu gæðaeftirliti en sá endurskoðandi fékk einnig áminningu vegna niðurstöðu í gæðaeftirlitinu. Þá fagnar endurskoðendaráð jafnframt þeim úrbótum sem orðið hafa hjá öllum þeim endurskoðendum sem sættu endurteknu gæðaeftirliti 2016.

Athugasemdir og ábendingar í gæðaeftirliti 2016 sneru að mörgu leyti að sömu atriðum og áður og ber þar helst að nefna:

- Skjölun varðandi mat og varnir við sjálfsmatsógnun.
- Skilgreiningar á tengdum aðilum, mat á áhættu vegna þeirra og framsetningu í skýringum.
- Lok endurskoðunar, þar á meðal yfirferð á uppgjörs- og lokafærslum.
- Mat á óhæði og vinnu sérfræðinga.
- Frágang og varðveislu lokaútgáfu endurskoðunargagna.
- Framsetningu, orðalag og undirritanir á ráðningarbréf og staðfestingarbréf.
 - Endurskoðendaráð benti á það í mörgum tilvikum að ráðningarbréf tilgreindi ekki tilvísun í áætlað form áritunar ásamt umfjöllun um að áritun gæti orðið önnur en vænst er.


Undirbúningur er hafinn hjá endurskoðendaráði fyrir gæðaeftirlit 2017 en gert er ráð fyrir því að eftirlitið hefjist í september/október 2017.

Endurskoðendaráði, 4. maí 2017.


Aslaug Árnadóttir


Hildur Árnadóttir


Jóhann Unnsteinnsson


Pálína Árnadóttir


Þórður Reynisson